

Sýning opnuð á teikningum eftir Kjarval

Hafa aldrei verið sýndar áður




Ein af yngstu myndunum á sýningunni, kölluð Hörpuleikur.

Í sýningarsal í Brautarholti 6 verður í dag opnuð sýning á teikningum eftir Jóhannes S. Kjarval. Eru þar sýndar 54 myndir, sem aldrei hafa verið á sýningu áður. Elstu teikningararnar eru frá árunum 1911-12 og þær yngstu frá síðustu árum listamannsins. Það eru börn Jóhannesar S. Kjarval, Sveinn Kjarval innanhússarkitekt og Asa Lökken Kjarval, sem að sýningunni standa.

Elstu myndirnar eru teiknaðar í Lundúnum, þegar „pabbi var þar og ætlaði að komast að sem nemandi í Royal Academy of Art, en það tókst ekki, sem kunnugt er, því að hann var aðeins íslenskur fiskimaður,” sagði Sveinn Kjarval. Myndirnar, sem sýndar eru í Brautarholti, eru aðeins lítið úrtak úr þeim fjölda mynda, sem Sveinn fann í fórum föður síns að honum látum.

Sveinn kvað börn sín hafa haft mestan veg og vanda af undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar, en þau eru Hrafnhildur Tove Kjarval, leirkerasmiður, Jóhannes S. Kjarval, arkitekt og Ingimundur S. Kjarval, nemi. Myndirnar eru margskonar, vatnslitamyndir, tússteikningar, pennateikningar, blekteikningar og rauðkritarmyndir.

Um næstu mánaðamót stendur til að opna sýningu á teikningum Kjarvals í Galleri Gavlhúset í Alaborg í Danmörku. Verða þar einnig sýndar teikningar, sem



Þetta er ein af elstu myndunum á sýningunni, teiknuð á Tamsar-bökkum.

fundust í fórum listamannsins að honum látum, og aðrar en þær sem nú eru til sýnis í Brautarholti. Allar þessar teikningar, bæði þær sem nú eru sýndar hér-landis og þær sem sýndar verða í Alaborg, eru í eigu þeirra systkina, Asu og Sveins.

Sem fyrr segir verður sýningin opnuð í dag, á afmælisdegi Jóhannesar Kjarvals og hefst hann í dag orðið níuæður, hefst hann lífað. Fyrirhugað er að sýningin standi yfir í tíu daga, til 25. þ.m., og verður hún opin kl. 16-22 alla dagana.



Teikning af Jóhanni Sigurjónssyni, rithöfund, gerð 1914.

dp

Véltjórafélag Vestmannaeyja:

MÓTMÆLIR UNDSLÆTTI

Merki kvenna-verkfalls til sölu

Framkvæmdanefnd kvenna-verkfallsins hefur gefið út sérstakt merki í tilefni verkfallsins. Verður merkið selt til fjárflyunar fyrir starfsemi framkvæmdaneðdarinnar, sem hefur eðlilega í mörg horn að líta þessa dagana og víða er þörf fyrir framkvæmdafé.

Sölufólk er beðið að vitja merkjanna á Hallveigarstöðum og verða þau höfð þar til afhendingar klukkan 5-7 dag hvern. Merkið kostar 50 krónur.

Merkið er blátt: kvennaárs-merkið ljóst í dökkbláum grunni.

Gleðitiðindi, ef sönn reynast

Þær fregnir hafa borist frá Sovétríkjunum að þar hafi verið fundin upp málning, sem hamlað gæti yfirringingu á skipum á norð-lægum slóðum. Þessi málning mun hafa verið sýnd á fiskveiði-sýningunni í Leningrad í ágúst.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Véltjórafélags Vestmannaeyja samþykkti á fundi 12. þ.m. að lýsa eindregnum stuðningi við útfærslu landhelginnar í 200 millur,

jafnframt því sem fundurinn mótmælti allri undanlátssemi og samningum um veiðar erlendra þjóða innan 50 mílna markanna.

Verkalyðsfélagið Stjarnan í Grundarfirði:

Lýsir furðu á ummælum Matthíasar

Fundur verkalyðsfélagsins Stjörnunna Grundarfirði haldinn 13. 10 1975 lýsir fullum stuðningi við útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur.

Fundurinn hvetur alla landsmenn til orjúfanlegrar samstöðu í þessu brýnasta hagsmunamáli þjóðarinnar. Fundurinn lýsir furðu sinni á þeim ummælum sjávarútvegsráðherra í sjón-

varpsþættinum Kastljósi að íslendingar geti enganvegin varðið landhelgina.

Telur fundurinn slík ummæli sem og annan undanslátt einungis veikja stöðu íslendinga gagnvart öðrum þjóðum.

A aðalfundinum var stjórn og trúnaðarmannaráð endurkjörð. Formaður er Sigurður Lárusson.


Ragnar Páll sýnir

Dagana 11. til 19. október gefst fólki kostur á að sjá málverk eftir Ragnar Pál að Kjarvalsstöðum, en hann var fyrsti listamaðurinn sem sýningarráð Kjarvalsstaða neitaði um afnot af sölum hússins á sínum tíma. Eftir þá neitun hélt hann sýningu í Bogasalnum.

A þessari sýningu, sem er sjötta einkasýning Ragnars Páls, eru 75 verk og er rúmur helmingur þeirra til sölu, en hitt eru verk í einkaeign og hafa fæst þeirra verið sýnd áður. Þar á meðal eru 10 portrait, meðal annars af dr. Kristni Guðmundssyni fyrrverandi ambassador og Sigurliða Kristjánssyni kaupmanni. Til

sölu eru 20 olíumálverk, 13 vatnslitamyndir og 5 pastelmýndir og er verð sölumyndanna frá 35 til 175 þús. kr. Auk mannamyndanna eru á sýningunni landslagsmálverk einkum frá Vestfjörðum, Snæfellsnesi, Þingvöllum, Landmannalaugum og Siglufirði. Einnig eru á sýningunni nokkrar blómamyndir, húsamyndir og bátamyndir.

Sýning Ragnars Páls er opin daglega kl. 16-22 til sunnudagskvöld 19. október. Það var núverandi hússtjórn, sem leyfði Ragnari Páli að sýna að Kjarvalsstöðum.



Þessi mynd var tekin á barnamyndasýningu í hinum nýju húsa-kynnum MÍR á dögunum.

Armeníukvöld í MÍR-salnum

Félagið MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, efir til Armeníu-kvölds í húsa-kynnum sínum að Laugavegi 178 á fimmtudagskvöld 16. október kl. 8.30. Þar munu félagar úr sendinefnd MÍR, sem heimsótti sovétlýðveldið Armeníu í sumar, segja frá ferðinni og sýnd verður kvikmynd. Í MÍR-salnum hefur

verið komið upp sýningu á ljós-myndum, eftirprentunum, bókum o.fl. til kynningar á Armeníu og armenum. Tekur sú sýning við af sovétsku barnamyndasýningunni, sem margt manna hefur skoðað í MÍR-salnum að undanfögnu.

Aðgangur að Armeníu-kvöldinu er öllum heimill.

(Fréttatilkynning frá MÍR)